

24. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 12. nóvember 2014 kl. 8:10.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Kynning fulltrúa skólaráðs
2. Frá nemendaráði
3. Frá foreldrafélagi
4. Erindi frá skólastjóra
5. Önnur mál

1. Kynning fulltrúa skólaráðs

Guðmundur Már Jónasson, formaður nemendaráðs, nemandi í 10. bekk.

Ylfa Oddbjörg Arnarsdóttir, varaformaður nemendaráðs, nemandi í 10. bekk.

Jórunn Kristín Fjeldsted, gjaldkeri foreldrafélags, fulltrúi foreldra.

Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags.

Heiðrún Jóhannsdóttir, fulltrúi kennara.

Einar Örn Daníelssonum, varafulltrúi kennara í forföllum Helga Sigurðar Karlssonar.

Oddný S. Jóhannsdóttir, fulltrúi starfsmanna.

Sólrun Helgadóttir, skrifstofustjóri, ritar fundargerð skólaráðs.

Helga Birna Gunnarsdóttir, formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra, sat ekki fundinn.

2. Frá nemendaráði

- Í kvöld er Hafnarfjarðar-Stíll sem er forkeppni fyrir hönnunarkeppni Samfés. Lækjarskóli sendir inn tvö lið í þetta sinn.
- Fíestan verður 19. nóvember en Lækjarskóli og Hvaleyarskóli halda hana sameiginlega.
- Gizmó verður í byrjun desember. Jólball verður í desember.
- „Ég er til“ er valfag í Lækjarskóla. Í því eru fulltrúar (nemendur) úr öllum deildum skólans. Hópurinn stendur fyrir eflingu og bættum samskiptum nemenda. Á nýliðnum eineltisdegi og vinaviku var hópurinn meðal annars með kynningu í öllum bekkjum skólans.
- Í vinaviku mynduðu allir nemendur og starfsmenn skólans keðju í kringum skólann og föðmuðu þannig skólann sinn.

3. Frá foreldrafélagi

- Foreldrafélagið stóð fyrir „Maritafraeðslu“ ásamt skólanum nú á haustmisseri.
- Umræða um tæknivæðingu skólans. Ennþá vantar nokkuð uppá að skjávarpar séu í stofum og umræða var um iPada.
- Atburðir á vegum foreldrafélagsins verða haldnir í samvinnu við nemendur í valfaginu „Atburða-stjórnun“. Þar geta nemendur unnið að skipulagningu og verið með fjáraflanir.
- Ennþá vantar bekkjafulltrúa í ákveðna bekki.

4. Erindi frá skólastjóra

- Ytra-mat á skólanum. Lækjarskóli lenti í úrtaki Menntamálaráðuneytisins og í framhaldi af því var gert Ytra-mat á skólanum á vegum þess. Skýrslan var kynnt fundarmönnum og er hægt að nálgast hana á heimasíðu Lækjarskóla.
- Innan skýrslunnar voru niðurstöður PISA sem voru kynntar, en staða skólans er mjög góð miðað við landsmeðaltal hvað alla þætti varðar þ.e.a.s. lesskilning, stærðfræðilæsi og náttúrufræðilæsi.
- Umbótaverkefni hafa verið unnin innan skólans í framhaldi af Ytra-matskýrslunni. Allir starfsmenn unnu saman við að leggja til leiðir til umbóta á skólastarfinu. Samantekt

verkefnisins er að ljúka og verður áætlunin send til fræðslufirvalda í byrjun desember. Eins verður hún send skólaráði til skoðunar.

- Uppfærsla á símenntunaráætlun og jafnréttisáætlun er í vinnslu.
- Heimasíðan „nýja“ kynnt fyrir fundarmönnum.
- Skólaráðsfundir. Funda- og starfsáætlun vetrarins var kynnt lauslega og verður send fundarmönnum til skoðunar.
- Til stóð að foreldrar fái séraðstöðu í skólanum en því er frestað um óákveðinn tíma vegna þrenginga í húsnæðismálum skólans t.d. vegna fjölgunar bekkja í ákveðnum árgöngum og vinnu með nemendur sem þurfa sértæka aðstoð og stuðning.
- Greinargerð um aukið kennslusvæði í skólanum vegna fjölgunar á bekkjum var send til fræðslufirvalda undir lok starfsárs.
- Vilji er til að efla enn frekar tengsl skólans við nágrannaskóla og framhaldsskóla og auka aðkomu foreldra í því sambandi.
- Innra mat skólans. Kannanir sem lagðar verða fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn verða í vetur eins og undanfarin ár sem hluti af innra mati skólans. Þær eru framkvæmdar af Skólapúlsum. Könnun nemenda er nokkuð löng, hún tekur um 40 mínútur.
- Á síðasta skólaári var skólinn opnaður og foreldrum boðið að koma og sjá börn sín í verkefnum í kennslustofum. Þessu framtaki var vel tekið af foreldrum og reiknað er með að halda því áfram.

5. Önnur mál

- Fjölgreindaleikar voru haldnir í 20. og 21. október s.l.

Fundi slitið kl. 9:25

Fundinn sátu:

Haraldur Haraldsson, skólastjóri
Guðmundur Már Jónasson, formaður nemendaráðs, fulltrúi nemenda
Ylfa Oddbjörg Arnarsdóttir, varaformaður nemendaráðs, fulltrúi nemenda
Jórunn Kristín Fjeldsted, gjaldkeri foreldrafélags, fulltrúi foreldra
Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags
Heiðrún Jóhannsdóttir, fulltrúi kennara
Einar Örn Daníelsson, varafulltrúi kennara í forföllum Helga Sigurðar Karlssonar
Oddný S. Jóhannsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir